

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á

vigfus@hafnarfjordur.is.

Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunnsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 26. TBL.

17. APRÍL 2009

Víðistaðaskóli í úrslitum lokakeppni BEST 2009

Víðistaðaskóli mun keppa í úrslitum BEST í næstu viku eftir að hafa unnið sér inn keppnisrétt í vetur ásamt tíu öðrum skólum á landinu. Víðistaðaskóli er jafnframt sigurvegari síðasta árs.

Lokakeppni BEST (sjá nánar kynningu í ramma hér neðar) er nú haldin í Hafnarfirði. Ellefu lið hafa unnið sér inn keppnisrétt í ár, fjögur lið utan af landi og sjö af höfuðborgarsvæðinu þar sem eitt lið er úr Hafnarfirði. Þessi lið eru: 9.BG Árbæjarskóla, 9.D Digra-nesskóla, 9.I Foldaskóla, 9.O4-1 Garðaskóla, 9.BKÓ Giljaskóla, 9. bk. Grunnskóla Reyðarfjarðar, 9.H Grunnskólanum í Hveragerði, 9.BA Hlíðaskóla, 9. bk. Hvolsskóla, 9. ÞÁ Linda-skóla og 9.SHS Víðistaðaskóla.

Dagskrá keppinnar verður sem hér segir:

Þriðjudagur 21. apríl:

- Kl. 10 Keppnin sett í Bókasafni Hafnarfjarðar. Sýning á úrslitaverkefnum BEST 2009 báða keppnisdagana. Setning: Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri.

- Kl. 13-15 Keppni 11 fjögurra manna liða í Hásölum til undanúrslita.

- Kl. 17-19 Kynningar á verkefnum í Bæjarbíó. OPIÐ ÖLLUM.

- Kl. 22 Undanúrslit kynnt í Bæjarbíó.

Miðvikudagur 22. apríl:

- Kl. 9-13 Úrslitakeppni þriggja liða á sviði Bæjarbíós. OPIÐ ÖLLUM.

Hluti keppinnar fer fram fyrir opnum tjöldum og er hægt að fylgjast með þeim hluta keppinnar sem fram fer í Bæjarbíó meðan húsrúm leyfir. Þá er sýningin á verkefnum bekkjanna ellefu í Bókasafni

Hafnarfjarðar opin fyrir almenning báða keppnisdagana á opnunartíma bókasafnsins.

Hildur, Orri, Alex og Hildur Elisa sem voru í sigurlíði Víðistaðaskóla sem vann BEST keppnina í fyrra ásamt kennara sínum.



BEST stærðfræðikeppnin

Sumarið 2001 buðu norskir fulltrúar í norrænu samstarfsnefndinni fyrir heimsþing um stærðfræðimenntun, ICME-10, fulltrúum hinna norrænu landanna að velja einn bekk sem fengi að senda fulltrúa sína í undanúrslit stærðfræðikeppinnar KappAbel í Noregi. Uppruni nafnsins KappAbel er í Froland í suður-Noregi þar sem stærðfræðingurinn Abel lést árið 1829.

Á Íslandi hófst keppnin í öllum 9. bekkjum veturinn 2001-2002 og fóru fulltrúar bekkjarins sem sigraði til norsku keppinnar vorið 2002 og stóðu sig afar vel. Næsta ár eftir slógust Danmörk og Svíþjóð í hópinn og svo Finnland. Norræna samstarfsnefndin fyrir ICME-10 vildi þróa slíka keppni á norrænum grundvelli og fékkst fjárveiting frá Norrænu ráðherranefndinni árið 2003 til að hefja það verk.

Norræmenn vildu eigin keppni og því varð úr að til varð sérstök norræn stærðfræðikeppni. Norræna ráðherranefndin samþykkti að veita fé til að þróa keppni í stíl við norsku keppnina KappAbel og það hefur verið gert innan hinna landanna. Á Íslandi hefur verið leitað að lýsandi heiti fyrir keppnina, sem einnig ætti sér stutta útgáfu. Þetta heiti er: **Bekkirnir keppa í stærðfræði** og er stýtt í BEST.

Víðistaðaskóli hefur tvisvað unnið keppnina á Íslandi og keppt í norrænu keppninni og staðið sig mjög vel þar.

Heimild: <http://staerdfraedin-hrifur.khi.is/>



FRÉTTIR

úr stjórn- kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 6. apríl
179. fundur:

- Sigurður Björgvinsson, skólastjóri Víðistaðaskóla, kynnti skólanámskrá skólans.
- Kristján Ómar Björnsson kynnti afreksskóla Hauka.
- Kynnt voru ný lög frá Alþingi um niðurfellingu samræmdra könnunarprófa í 10. bekk vorið 2009.
- Kynnt væntanleg lokakeppni BEST sem fram fer í Hafnarfirði 21.-22. apríl nk.
- Lagt fram bréf frá undanþágunefnd grunnskóla um skipan nefndarmanna.



Tilkynning vikunnar

Íþróttakeppni grunnskólanna í Hafnarfirði verður haldin fimmtudaginn 7. maí á Ásvöllum. Þar munu 9. bekkingar í grunnskólunum keppa í nokkrum íþróttagreinum undir stjórn íþróttakennara grunnskólanna. Nánar kynnt í næsta blaði.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
24. apríl 2009

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Alþingi hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á lögum um grunnskóla. Með þeim er tekin af allur vafi um að réttur forsjálausra foreldra til upplýsinga um börn sín samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla fer skv. 52. gr. barnalaga. Breytingarnar hafa þegar tekið gildi. Við 2. mgr. 18. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: *Um rétt foreldris sem ekki fer með forsjá barns til upplýsinga um barn sitt samkvæmt þessum lögum fer samkvæmt fyrirmælum 52. gr. barnalaga, nr. 76/2003. Sjá nánar þau lög á þessari vefslóð: <http://www.althingi.is/lagas/136a/2003076.html>.*

Skólaskrifstofan styrkti spurningakeppni grunnskólanna í Hafnarfirði með verðlaunagrip. Myndin er frá afhendingu gripsins til ÍTH sem annaðist framkvæmd keppinnar. Höfundur gripsins er Gunnar Eyjólfsson. F.v. Gunnar Eyjólfsson, Ellert Magnússon (ÍTH) og Magnús Baldursson, fræðslustjóri.



Vírusvarnir og öryggismál

Fríhugbúnaðarkynning vikunnar er um vírusvarnir og öryggismál. Það er nauðsynlegt að huga að slíku í eigin tölvum (en tölvudeildin annast það fyrir tölvur bæjarins).

Fyrst eru það vírusvarnarforritin. Mörg frí forrit eru til og þá gjarnan í einfaldari útgáfu en þau sem eru seld undir sama nafni. Dæmi um vírusvarnarforrit eru [Avast Home](#), [Avira Anti Vir](#) (gott), [BitDefender](#), [ClamWin](#), [CWS shredder](#), [PC Tools Antivirus](#), [Spycatcher Express](#) og [SuperAntispyware](#).

VEFSLÓÐ: <http://www.skolathroun.is/?pageid=48>

Kennslufræði, kennsluaðferðir og námstækni

Encyclopedia of education technology er alfræðivefur um kennslufræði. Þar er að finna kynningar á hugtökum sem tengjast kennslufræði, námssálarfræði, námstækni og kennslufræðikennningum. Þetta eru stuttir pistlar um afmörkuð atriði líkt og listinn hér neðar skýrir hvað tilheyrir A undir fyrir sögninni *Cognition and learning*.

VEFSLÓÐ: <http://coe.sdsu.edu/eet/Admin/TOC/index.htm>



Cognition and Learning:

- Active learning
- Anchored instruction
- Anchored learning
- Andragogy
- Applied Behavior Analysis

Fríhugbúnaður

Þá má nefna forrit sem hreinsa tölvur af óværum, losa við njósnahugbúnað og verja og losa auglýsingasnápa og kökur (cookies). Það eru t.d. [Advanced Windows Care](#) (gott), [Ad-Aware](#) (ómissandi) [SpyWare Doctor](#), [Spybot Search & Destroy](#) (ómissandi í tölvuna og er líka á íslensku) og VMN Anti Spyware.

Loks má nefna forrit til að taka afrit, laga regestrí og hreinsa tölvur af óþarfa skjölum. [CCleaner](#) og [Reg-Cure](#) eru forrit til að bæta afköst tölvunnar með lagfæringu á regestrískráningum, [Your Cleaner](#) hreinsar tölvuna af óþarfa skjölum og kökum og [Your free registry cleaner](#) hraðar tölvuvinnslu og lagar skráningu hugbúnaðar í stýrikerfinu. Forritin sem hér eru kynnt eru misjafnlega góð og henta misvel. Sum gera lítið nema keypt sé viðbótarútgáfa og á það sérstaklega við regestríforritin. Sum forritin eru bráðnauðsynleg í hverja tölvu og þá sérstaklega Spybot Search & Destroy og kannski Ad Aware. Þá er nauðsynlegt að hafa eitt gott vírusvarnarforrit og eitt hreinsiforrit.

Vefhornið

- Artificial intelligence in education
- Artificial neural networks
- Attention: getting it
- Attention: keeping it
- Attention theory
- Audio: Does it help?
- Autodidactic learning
- Automaticity: A learned advantage
- Automaticity: Skill building

Fróðlegt og áhugavert.